

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðbjargar Jóns- 90
dóttur, Sigríðar Guðmundsdóttur og Jóns Guðmundssonar á Brúsastöðum“, út- 12. júní
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. júní 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Guðbjargar Jónsdóttur, Sigríðar Guðmundsdóttur og
Jóns Guðmundssonar á Brúsastöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðbjargar Jónsdóttur, Sigríðar Guð-
mundsdóttur og Jóns Guðmundssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla skógrækt og aðra gróðurskreyting á Þingvöllum
og Brúsastöðum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 300000 — þrjú hundruð þúsund — krónur.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Sjóðurinn ávaxtast samkv. fyrirmælum
gjafabréfs, útgefnu af Jóni Guðmundssyni, Þingvöllum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þessir menn: Formaður Skógræktarfélags Íslands, en
verði það félag lagt niður, þá skógræktarstjóri, formaður Þingvallanefndar, en
verði sú nefnd lögð niður, þá þjóðminjavörður, og Jón Guðmundsson, meðan hans
nýtur við, en eftir hans dag skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Skulu reikningar sjóðsins endurskoð-
aðir og birtir í ársriti Skógræktarfélagsins eða á öðrum stað, þar sem þeir koma
fyrir almenningssjónir.

6. gr.

Unnið verði að tilgangi sjóðsins í aðalatriðum með þessum hætti:

Komið verði á fót uppeldisstöð fyrir trjáplöntur á Þingvöllum eða Brúsastöð-
um, til þess að þar verði aldar upp trjáplöntur til gróðursetningar á hinu um-
rædda svæði. Ef það reynist hentugra að ala upp trjáplöntur annars staðar, getur
sjóðstjórnin komið upp græðireit annars staðar til uppeldis á trjáplöntum, er
gróðurarsettar yrðu á Þingvöllum eða Brúsastöðum. En leggja skal áherzlu á, að
sjóðurinn sjálfur annist uppeldi á þeim plöntum, sem hann notar, sé þess nokkur
kostur.

7. gr.

Meðan Jón Guðmundsson er í stjórn sjóðsins, skal tekið tillit til hans tillagna
um starfstilhögun við gróðursetningu. En ef ágreiningur ris milli sjóðstjórnar og
Þingvallanefndar um tilhögun gróðursetningar, getur Þingvallanefnd hindrað
framkvæmdir.

8. gr.

Í aðalatriðum skal starfinu hagað þannig: Fyrstu árin verði lögð áherzla á,
að koma upp trjágróðri í umhverfi Valhallar. En að því búnu í næsta nágrenni

90 Þingstaðarins, eftir því sem henta þykir. Síðan verði lögð áherzla á, að auka trjá-
12. júní gróður í Þingvallaskógi og á Brúsastöðum.

9. gr.

Megináherzla verði lögð á það, að sjóðstjórnin hafi sem mest af trjáplöntum
handbærar til gróðursetningar, enda leiti hún aðstoðar æskulýðsfélaga og annarra
um hvers konar aðstoð, sem gæti aukið og byggt skógrækt í þjóðgarði Þingvalla
og á Brúsastöðum.

Reykjavík, 18. marz 1944.

Jón Guðmundsson.

91

14. júní

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Flateyjarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Flateyjarhrepps og er eign Flateyjarhrepps í
Þingeyjarsýslu. Heimili og varnarþing er í Flatey.

2. gr.

Trygging fyrir innstæðufé og öðrum kröfum á sjóðinn er: 1. Varasjóður sjóðs-
ins og aðrar eignir hans. 2. Þá ábyrgist Flateyjarhreppur skuldbindingar sjóðsins,
þó aldrei yfir kr. 3000.00.

3. gr.

Sparisjóðurinn starfar sem sjálfstæð stofnun með sérskildum fjárhag og leggst
ágóði sá, sem kann að verða á rekstri hans, í varasjóð. Þegar landslög leyfa og
ástæður eru til má verja fé úr varasjóði til menningarmála og til nytsemdarfyrir-
tækja í Flateyjarhreppi, ef ákvörðun um það er samþykkt af meiri hluta stjórnar
sjóðsins, enda komi samþykki ráðuneytisins til.

Hætti sjóðurinn störfum, skal verja eignum hans á sama hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skal einn þeirra kosinn af hreppsnefnd
Flateyjarhrepps, annar af starfandi stjórn sjóðsins og hinn þriðji af sýslunefnd
Þingeyjarsýslu. Kosning stjórnar gildir til fjögurra ára. Varamenn skulu kosnir
af sömu aðilum og gildir kosning þeirra einnig í fjögur ár.

5. gr.

Stjórn sjóðsins heldur aðalfund fyrir apríllok ár hvert. Er hann því aðeins
lögmaður, að allir meðlimir stjórnarinnar séu mættir, en samþykktir allar gilda,
sem ná meiri hluta atkvæða. Breytingar á samþykktum sjóðsins ná þó ekki gildi
fyrr en þær hafa verið samþykktar af hreppsnefnd Flateyjarhrepps og staðfestar
af ráðuneytinu.

Á almennum hreppsfundi í júní ár hvert skulu endurskoðaðir reikningar sjóðs-
ins lagðir fram til samþykktar, ákveðin vaxtakjör sjóðsins á komandi ári, þóknun
til stjórnar og endurskoðenda og málefni sjóðsins rædd eftir því, sem ástæður
þykja til.

6. gr.

Um kosningu endurskoðenda fer eftir því, sem landslög mæla fyrir.